



Atvinnuveganefnd  
Nefndarsvið Alþingis  
Kirkjustræti 101 Reykjavík

Reykjavík, 4. júní 2024

## Umsögn Landverndar um þingsályktunartillögu um ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til ársins 2030.

Landvernd hefur kynnt sér viðamikla lýsingu á þeirri stefnumótun og aðgerðaáætlun sem hér er lögð til vegna móttöku ferðamanna fram til ársins 2030. Reiknað er með árlegri fjölgun ferðamanna um allt land. Þá er reiknað með að nýir áfangastaðir verði til þar sem álag gæti orðið umtalsvert og áhersla lögð á að miðhálandið sé hluti af áætluninni og að þar verði komið upp áfangastöðum og þjónustu fyrir ferðamenn.

Aðgerðaáætlunin er í mörgum liðum og víða komið við. Samstarfsaðilar eru einnig margir, stofnanir, ráðuneyti, miðstöðvar og fjölbreytt samtök. Tenging við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna er tiltekin í öllum liðum. Stór hluti áætlunarinnar snýr að nýtingu náttúru, umgengni um náttúru og verndun náttúru og loftslags. Stefnan varðar hálandið og óbyggð víðerni og álag sem verður með auknum fjölda ferðamanna og þegar áður ósnortnir staðir verða vinsælir áfangastaðir þeirra.

Landvernd saknar þess mjög að hvergi eru samtök um náttúruvernd nefnd sem dæmi um samstarfsaðila og fer þess á leit að fulltrúar náttúruverndarsamtaka verði hafðir með í ráðum á sem flestum sviðum. Landvernd hefur á að skipa sterkum hópi sérfræðinga bæði úr stjórn og starfslíði sem gæti lagt til mála við útfærslu og framfylgd stefnu og aðgerðaáætlunar í ferðamáli. Til þess að náttúruverndarsjónarmið séu ríkjandi við jafn mikilvæga stefnu og hér er í vinnslu er eðlilegt og nauðsynlegt að leitað sé til náttúruverndarsamtaka eins og Landverndar, þar sem finna má fulltrúa flestra þeirra sjónarmiða sem tengjast loftslagsmálum og umhverfis- og náttúruvernd.

Landvernd fagnar áherslum í stefnunni á aukna landvörslu og fjölgun landvarða sem unnið hafa merkilegt uppbyggingarstarf á síðustu árum samhliða örrí fjölgun ferðafólks. Landvarsla þarf að fylgja ferðamannatímanum og lengjast samhliða honum, svo náttúran verði ekki án hirðis utan hásumars.

Fram kemur að úthlutanir úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða eigi að taka mið af nýjum áfangastöðum sem gætu orðið fyrir óvæntu álagi. Landvernd mælist til þess stjórnvöld láti



nýja áfangastaði ekki verða fyrir óvæntu álagi, heldur verði móttaka ferðamanna á nýjum stöðum vandlega undirbúin með tilliti til verndun náttúru og umhverfis. Og aðgerðir undirbúnar áður en álag veldur skemmdum. Gott er að Framkvæmdasjóðurinn verði eflur.

Athygli vekur að í stefnunni er talað um að móttaka skemmtiferðaskipa eigi að vera í sátt við samfélag og náttúru. Til þess á meðal annars að stofna samstarfshópa sveitarfélaga og ferðaþjónustu til að móta stefnu landshluta um umgjörð og komur skemmtiferðaskipa og **landtöku utan hafna**. Landvernd staldrar við landtöku utan hafna og telur að meginreglan eða helst eina reglan eigi að vera að skemmtiferðaskip haldi sig við hafnir og að fólki sé alls ekki hleypt í land úr skipunum á viðkvæmum stöðum eins og á Hornströndum. Talað er um þörf á álagsstýringu og uppbyggingu innviða vegna skemmtiferðaskipa. Landvernd telur að álagsstýringu vegna fjöldans sem slíkum skipum fylgir hefði fyrir löngu átt að vera komin á.

Að lokum vill Landvernd benda á að náttúruvernd ætti að gegna mikilvægu hlutverki við að þróa tæki til að koma í veg fyrir að farið sé yfir þolmörk áfangastaða með neikvæðum áhrifum á náttúru, innviði og samfélag.

*Með vinsemd og virðingu*

*F.h. stjórnar Landverndar*

*Þorgerður María Þorbjarnardóttir, formaður*